

Mál nr. 128/2015

**M
og
váttryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
váttryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

Árekstur á vegamótum á Biskupstungnavegi þann 24.2.2014.**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.3.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 13.4.2015.
3. Bréf V2, dags. 8.4.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem ráðið verður af fyrirbyggjandi gögnum var B ekið eftir Biskupstungnabraut en A var beygt af ótilgreindum vegi inn á Biskupstungnabraut til vinstri. Biðskylda mun hafa hvílt á ökumanni A gagnvart umferð á Biskupstungnabraut. Rákust þá saman framanverð vinstri hlið A og vinstra framhorn B. Bjart var af degi, en snjór og ísing á veginum þar sem áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa verið kominn a.m.k. 25 m eftir Biskupstungnabraut þegar B hafði komið stjórnlaust í hlið A. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um framburð ökumanns B um tildrög árekstursins.

Álit.

Á afstöðumynd af vettvangi á sameiginlegri tjónstilkynningu, sem báðir ökumenn hafa undirritað, verður ekki annað ráðið en áreksturinn hafi orðið við vegamótin þar sem A var ekið inn á Biskupstungnabraut. Á ökumanni A hvíldi biðskylda gagnvart umferð á vegi þeim sem hann ók inn á. Verður áreksturinn rakinn til þess að ökumaður A virti ekki forgangsrétt B á Biskupstungnabraut. Af gögnum málsins verður ekki talið nægilega sannað að áreksturinn verði rakinn til þess að B hafi runnið stjórnlaust í hlið A eftir að A var komin inn á réttan vegarhelming Biskupstungnabrautar miðað við fyrirhugaða akstursstefnu hennar. Að öllum gögnum virtum eru ekki næg efni til að fella sök á ökumann B. Öll sök verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 8. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.